

**Skafti Bjarnason oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps**

Ef ekki er annað tekið fram þá eru fjárhæðir í milljörðum (1.000.000.000 kr) M USD reiknaður á 130 kr.

Háaleitisbraut 68 í Rvk er metin til fasteignamat á **1,36 M**.

4.260m<sup>2</sup> skrifstofa í því húsi er metin á 0,7 M. Fasteignamat allra fasteigna Landsvirkjunnar er 42,8M.

Búrfellsvirkjun er metin á rúma 4,5 M.

**Fjórar** skrifstofubyggingar skila í fasteignagjöldum því sama og heil virkjun.

Byggingarkostnaður Búðarhálsvirkjunnar var áætlaður 26,5 M. Það er snöktum hærra en fasteignamat Búrfellsvirkjunnar. **(4,5 M)**

Í ársreikningi LV vegna 2013 kemur fram að allar fasteignir eru metnar á **380,6 M** en fasteignamat er einungis **42,8M**

Allar fasteignir LV eru metnar á 42.8 M.

Fasteignir Reyðaráls á Hrauni 1 eru metnar á 80,7M´.

Á hundrað hektara lóð við Búrfell eru stíflumannvirki, aðrennslisgöng, varnargarðar, útivirki, tengivirki skemmur og verkstæði. Svo eru á svæðinu á annan tug íbúða, gestahús, mötuneyti og bensínstöð. **Samt býr enginn þarna.**

Af á þriðja hundrað starfsmanna Landsvirkjunnar býr enginn í Búrfelli. Þeir slaga þó samt í tuginn, starfsmenn sem eiga lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ef engar ráðstafanir eru gerðar, mun að hámarki fjölga um einn starfsmann með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, við það að virkja þrjá virkjanir í neðri hluta Þjórsár.

Áætluð lónsstærð þessara þriggja lóna eru rúmir 19 km<sup>2</sup>. Þau eru öll í byggð.

Það eru 45-50 km. frá Urriðafossi í Búrfell.

Ef lónin eru 2 til 2,5 km á breidd gæti samanlögð lengd þeirra orðið allt að 9 km. að lengd. Það eru um 20% af svæðinu. Svo eru svæði neðan stíflu sem eru með litlu rennsli. Það eru nokkrir kílómetrar til viðbótar.

Skv. Ársreikningi LV var raforkusalan 45M árið 2013. Þar var líka skrifað að salan hefði verið 13.186 gwh.

Búrfell framleiðir 2300 gwh, það eru 7,8M króna á ári.

Hvamms – Holta og Urriðafossvirkjanir munu skila með sama hætti 7,5M á ári.

Tekjur af veiði í Þjórsá og þverám hennar eru frá 0.02- 0,04M.

**Ofangreindar upplýsingar hafa ekkert með það hvort virkjað er eða ekki.**

**Við getum sett upp tvær sviðsmyndir.**

Önnur er sú að rafmagnið verði selt svo ódýrt að það verði tap á sölunni og virkjun árinar rústi lífríki hennar.

Hin er sú að vandað verði til verka eitt skref tekið í einu. Hagnaður verði af sölu orkunar og allar hugsanlegar ráðstafanir gerðar til að lágmarka skaða á lífríkið.

Það er í ykkar höndum Umhverfis og samgöngunefndar hvernig fer.